

Aðalfundur Foreldrafélags Árskóla 26.09.2024

Fundur settur

Formaður Karítas með erindi um:

- Dansmarþonbolir fyrir 1.-4.bekk. Almenn ánægja með bolina.
- Öskudagsskemmtun – leikir og karmelluregn. Hefur verið umræða um öskudagsskemmtun. Sett inn í skólapúlsinn spurningar um hvort fólk teldi þörf á breytingu. Ekki kom fram marktækur munur á þeim sem vildu breytingar og þeim sem ekki vildu breytingar.
Uppbrotsdagur fyrir hádegi í skólanum og nammirölt eftir hádegi.
Fyrirtækjum finnst mörgum hverjum betra að fá börnin fyrir hádegi.
Spurning um að hafa auglýsingu frá foreldrafélaginu þar sem kemur fram frekari upplýsingar um öskudaginn, ekki bara um öskudagsskemmtun. Setja inn eftir þorablót.
Tengiliðir sjái um að setja inn upplýsingar um öskudaginn á feisbúkk grúppur árganga og minna foreldra á að athuga hvort allir séu komnir með félagi. Það þarf að kaupa/græja nýjar öskudagstunnur.
Þar sem ekki kom fram marktækur munur þá lagt til hliðar.
- Sýnileika foreldra sem eru með íslensku með annað tungumál – formaður tók þátt í könnun. Ekki komin niðurstaða um könnun. Gefur samt vísbendingu um að þarna sé foreldrahópur sem er frekar ósýnilegur og vanvirkur í starfi skólans.

Farið yfir ársreikninga

- Það er óvenju mikil innistæða núna. Vegna þess að við fengum engan reikning fyrir bolunum né fyrir öskudagsskemmtuninni. Skólastjóri ákvað að það verði ekki sendur reikningur.
- Hilma fer yfir ársreikning í viðhengi. Viðauki 1. 224 heimili sem greiddu.

Tekin ákvörðun um áherslur næsta skólaárs

- 1.-4. Bekkur fær gefins dansmarþon boli frá foreldrafélaginu. Búið að panta þá
- Leikfélagið verður með Ávaxtakörfuna núna í haust. Niðurgreiðsla uppá 1000 kr fyrir börn sem mæta á sýningu er samþykkt.
- Erindi/fræðsla fyrir foreldra – spurning um að vekja það upp. Fræðsla fyrir foreldra um hvernig við tölum um og kennum börnum hvernig þau tækla andlega heilsu (skólaforðun sem dæmi) og kynheilbrigði.
- Gjald fyrir foreldrafélagið heldur áfram að vera 3000 kr á heimili.

Kosið í nýja stjórn

- Þurfa að vera 4-6 fulltrúar í foreldrafélaginu eftir aðalfund og svo fulltrúi starfsmanna.
- Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir, Hilma Eiðsdóttir Bakken, Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir og Ragnhildur Friðriksdóttir eru til í að sitja áfram. Ragnís Hilmarsdóttir býður sig fram og Elín Birna Gylfadóttir.
- Skólaráðsfulltrúi: Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir býður sig fram.

Önnur mál

- Spurning um hrekkjavöku og hvort að hægt sé að ýta undir þátttöku í skólanum.
- Hvernig er hægt að virkja foreldra með íslensku sem annað tungumál. Hugmynd um að koma auglýsingum/upplýsingum á framfæri. Heyra í foreldrunum og athuga hvernig þau myndu vilja fá upplýsingar eða vera meiri þátttakendur. Athuga með einhvern sem getur þýtt yfir á helstu tungumálin (skólinn hefur aðgang að túlkþjónustu).
- Þarf að skerpa á hlutverki tengiliða bekkja og uppfæra lista á vefsíðu Árskóla?

Fundi slitið